

**Atli Harðarson**

**Íslenskar þýðingar á tveim öndvegisritum:**

***Rannsóknnum eftir Heródótus og Sögu Pelópseyjarstríðsins eftir Þúkýdídes***

Heródótus. (2013). *Rannsóknir*. Stefán Steinsson þýddi. Reykjavík: Mál og menning.

Þúkýdídes. (2014). *Saga Pelópseyjarstríðsins*. Sigurjón Björnsson þýddi. Reykjavík: Sögufélag.

Nýlega hafa komið út í íslenskum þýðingum tvö helstu stórvirki grískrar sagnfræði í fornöld. Fyrra verkið er *Rannsóknir* eftir Heródótus sem út kom í þýðingu Stefáns Steinssonar árið 2013. Sú mikla bók, sem er 647 blaðsíður að lengd, segir frá frá vexti Persaveldis og hvernig Grikkir vörðust tilraunum Persakonunga til að leggja land þeirra undir sig á fyrri hluta fimmtu aldar fyrir Krists burð.

Heródótus er oft kenndur við Halíkarnassus, en sá staður kallast nú Bodrum og tilheyrir Tyrklandi. Talið er að hann hafi fæðst um 484 f.Kr. og lifað um það bil 60 ár. Skrif hans um Persaveldi og stríð Persa við Grikki marka upphaf sagnfræði í okkar heimshluta.

Heródótus var víðföruull mjög og kannaði sjálfur verulegan hluta af sögusviði sínu sem nær suður um Egyptaland, norður fyrir Svartahaf, austur til Persaflóa og vestur eftir Miðjarðarhafi. Hann fléttar saman við sögu sína fróðleik um lönd og lýði og allmiklu af þjóðsögum – lætur þess nokkrum sinnum getið að hann trúi þeim ekki sjálfur en leyfi þeim samt að fljóta með. Úr þessu mikla efni verður heillandi saga – stærri, meiri, ævintýralegr og glæsilegr en aðrar sögur sem ég hef lesið. Ekki spillir að þýðing Stefáns er á skínandi fallettri íslensku. Skýringar hans eru upplýsandi, sem og eftirmáli. Landakort eru prentuð aftan við söguna og eru þau einkar hjálpleg.

Seinna verkið er *Saga Pelópseyjarstríðsins* eftir Þúkýdídes sem út kom í þýðingu Sigurjóns Björnssonar árið 2014. Sú bók er einnig mikil að vöxtum, 636 blaðsíður. Hún segir frá innanlandsófriði í Grikklandi sem hófst 431 f.Kr., eða tæpum tveimur áratugum eftir að Persastríðunum lauk, og stóð til ársins 404.

Um Þúkýdídes og ævi hans er lítið vitað. Ljóst er þó að hann var frá Aþenu og lifði sjálfur hluta þeirra atburða sem hann sagði frá. Hann hefur sennilega fæðst fyrir 460 f.Kr. og látist laust eftir 400. Af skrifum hans má ráða að hann hefur verið staðkunnugur víða um Grikkland, raunsær í meira lagi, gagnrýninn á heimildir og ekki ginnkeyptur fyrir furðusögum. Frásögn hans er kaldhömruð og nóturleg á köflum: Eins og þýðandinn, Sigurjón Björnsson, nefnir í formála minnir hún svolítið á *Sturlungu* – það er ekkert reynt að fegra ofbeldið og dæmin um viðurstyggið hernaðar eru mörg. Hér er eitt úr sjöundu bók:

Prakverjarnir ruddust því inn í Mýkalessos, tóku að ræna í húsum og hofum og slátra fólkinu. Hlífðu þeir hvorki ungum né gömlum, en drápu alla sem á vegi þeirra urðu, jafnvel börn og konur, já, líka burðardýr og hvaðeina sem lífs var. ... Þeir réðust til að mynda á stærsta drengjaskólann í borginni. Börnin voru nýkomin inn og drápu þeir þau öll. Aðrar eins ógnar hörmungar höfðu aldrei dunið á þessari borg (Þúkýdídes, VII:xxix:4–5).

Bók Þúkýdídesar geymir ekki einungis mikinn fróðleik um sögu Grikkja heldur líka stjórnmalahugsun, skilning á mannlífinu og vísdom sem enn er í fullu gildi. Þýðing Sigurjóns

miðlar þessu öllu á ljósu máli. Skýringar neðanmáls eru hjálplegar mjög og landakort fylgir á lausu blaði. Þýðendur þessara tveggja öndvegisrita hafa báðir vandað til verka og eiga þakkir skildar.

### **Hugsjónin um ríki frjálsra jafningja**

Þessi tvö sagnfræðirit eru ekki aðeins heimildir um mannlíf og atburði á fornum tímum. Þau eru líka mikilvæg vegna áhrifa sinna á hugsjónir seinni tíma manna um lýðræði. Af þessum gömlu sögum hafa sprottið vonir og draumar um ríki frjálsra jafningja. Heródótus talar opinskátt um kosti lýðræðis, til dæmis þar sem hann segir í fimmtu bók:

Nú tók Aþeningum að vaxa ásmegin. Þeir sýndu fram á að jafnrétti er ekki framfaraskref í einu heldur öllu. Á einveldistímanum höfðu Aþeningar til að mynda verið síst betri bardagamenn en nábúar þeirra. En þegar þeir köstuðu einveldinu urðu þeir öðrum fremri: Þá var ljóst að undir oki höfðu þeir verið viljalitlir eins og sá sem þrælur fyrir húsabónda sinn. En þegar þeir voru orðnir frjálsir var hver öðrum framgjarnari (Heródótus, V:78).

Þúkýdídes hefur sama ímugust á einveldinu og Heródótus. Allvíða í textanum gefur hann talsmönnum lýðræðis orðið með eftirminnilegum hætti, til dæmis í annarri bók þar sem einn helsti leiðtogi aþenskra stjórn mála, Períkles, minnst fallinna hermanna í ræðu og segir meðal annars:

Stjórnkerfi okkar nefnist lýðræði, því að það er ekki í höndum fárra heldur margra. Allir eru jafnir fyrir lögunum hvað einkadeilur varðar. Og verðleikar manna ráða því hvaða embætti og heiður þeim hlotnast. Ekki kemur heldur fátækt eða hóglátt, frægðarlaust líf í veg fyrir að sá sem hæfnina hefur þjóni ríkinu (Þúkýdídes, II:xxxvii:1).

Þúkýdídes greinir víða frá rökræðum á fundum og þingum. Lesandi fær á tilfinninguna að ríkjum farnist best þegar allir fá að tjá sig og ræða opinskátt um hvað gera skuli. Hann segir iðulega frá rökum bæði með og á móti því sem lagt er til og lýsir sjálfstjórn frjálsra jafningja þannig að lesandi hlýtur að hugsa sem svo að hún muni öðrum stjórnarháttum betri.

Með nokkrum sanni má segja að Þúkýdídes hafi gefið seinni tíma mönnum hugsjónina um lýðræði með frásögn af stríði sem upprætti einn fyrsta vísi þess.

### **Hugrekki og hófsemi**

Hugmyndir hinna fornu sagnaritara um sjálfstjórn frjálsra jafningja eru samofnar manngildishugsjón þar sem stillingu, hófsemi og hugrekki er hampað meir en flestum kostum öðrum. Svipaðar hugmyndir um höfuðdygðir má finna víðar í grískum fornritum, bæði leikritum og skrifum heimspekinga. Platon talaði til dæmis um að hófsemi og hugrekki væru ásamt visku og réttlæti aðalsmerki góðra manna og Sófókles minnst aftur og aftur á að dramb er falli næst og „hóflaust líf hreppir að lokum hóflaust böll“ eins og kórinn er látinn kyrja í leikritinu um *Antígónu*. (Tilvitnun úr þýðingu Helga Hálfðanarsonar, línum 612–13).

Þegar Persar réðust inn í Grikkland guldu þeir skelfilegt afhroð þó ríkidæmi þeirra væri mikið og her þeirra margfalt stærri en herir Grikkja. Heródótus gefur í skyn að óhófið og

hrokinn hafi orðið þeim að falli. Þetta kemur til dæmis fram í sjöundu bók þar sem segir frá ferð Xerxesar Persakonungs með her sinn yfir Hellusund, frá Asíu til Evrópu. Heródótus telur að lið hans hafi talið milljónir manna. Til að komast yfir sundið lét konungur byggja brýr. Þær brotnuðu í illviðri. Þegar Xerxes frétti að brýrnar væru ónýtar

... reiddist hann ákaflega og skipaði að hýða Hellusund þrjú hundruð vandarhöggum og sökkva í það hlekkjum. ... Skipaði hann þeim að meðan þeir hýddu skyldu þeir fara með útlend orð og ofríkisfull: „Þú beiska vatn, húsbóndi okkar veitir þér hirtingu þessa af því þú níddist á honum sem ekkert hafði gert þér. Og Xerxes konungur mun leggja þig undir fót sér hvort heldur þér líkar betur eða verr. En fyrir réttlætis sakir mun enginn maður færa þér blótgjöf því þú ert gruggugt forað og brimsalt“ (Heródótos, VII:35).

Heródótus tengir frelsi Grikkja jafnan hugrekki og hófsemi og gerir mikið úr munaði og íburði meðal Persa. Í sjöundu bók segir til dæmis frá tveim spartverskum mönnum sem buðust til að fara á fund Persakonungs í Súsuborg, þar sem ætla mátti að þeir yrðu drepnir:

Þetta voru hugrakkir menn svo undrum sætti sem og málsemdir þeirra: Á göngu sinni til Súsuborgar komu þeir fyrir Hýdarnes. Hýdarnes þessi var Persi að ætt og fór fyrir hermönnum á Asíuströnd. Hann setti þá niður hjá sér og gerði að gestvinum. Þegar því var lokið mælti hann til þeirra: „Ágætu Lakverjar! Af hverju forðist þið vináttu konungs? Þið sjáið að konungur kann að meta góða menn ef þið lítið til mín og skoðið mín mál. Hið sama myndi henda ykkur ef þið fælust konungi á vald. Fyrir honum eruð þið góðir menn að upplagi. Hvor ykkar sem er gæti stýrt Grikklandi og þegið það í náð við konung.“ Þeir svöruðu honum á þessa leið: „Hýdarnes, ekki er það svo slétt og fellt þetta ráð sem þú gefur okkur: Sums staðar ræður þú okkur af reynslu en í öðru ertu óreyndur. Þú kannt manna best að vera þræll en þú veist ekki hvort frelsi ber nokkurn sætukeym eður ei. Ef þú hefðir reynslu af því myndir þú ekki einasta ráða okkur að berjast fyrir því með spjótum heldur einnig öxum“ (Heródótos, VII:135).

Frelsið sem hér um ræðir virðist einkum hafa verið í því fólgandi að vera fullgildur í hópi jafningja og einskis undirsáti. Víðar í sögunum er það tengt hugrekki og hófsemi og verður það ekki rakið frekar hér, en ef til vill er það umhugsunarefni hvort hugleysið og græðgin eru ekki enn í dag sama ógn við frelsi manna og fyrir hálfu þriðja árpúsundi síðan.

Það sem Heródótus og Þúkýdides skrifuðu um lýðræði, frelsi, hófsemi og hugrekki er dýrmætur hluti af menningu okkar. Af bókum þeirra, sem nú eru góðu heilli til í ágætum þýðingum á íslensku, getum við því lært ýmislegt um það besta sem í okkur býr.